

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 1. apríl 2025 í máli nr. 19/2025

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa hefur mótttekið beiðni X („sóknaraðili“), dags. 13. mars 2025, um að kæruneftndin taki mál nr. 19/2025 upp að nýju. Var málinu vísað frá kæruneftndinni af ritara nefndarinnar þann 27. febrúar 2025 á þeim grundvelli að ágreiningur málsins félli ekki undir gildissvið laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Í ákvörðun ritara kom fram að ekki væri sölu- eða þjónustusamningur á milli sóknaraðila og varnaraðila í málinu í skilningi laga nr. 81/2019. Meðfylgjandi beiðni sóknaraðila er ítarlegur rökstuðningur. Engin gögn fylgdu beiðni sóknaraðila.

### II

#### Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga. Samkvæmt 6. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa getur ritari nefndarinnar tekið ákvörðun um að vísa máli frá þegar augljóst er að mál heyrir ekki undir lögsögu nefndarinnar. Þá segir að nefndin skuli taka ákvörðun ritara til endurskoðunar, að beiðni neytanda.

Sóknaraðili hefur krafist þess að úrskurðarneftnd á vegum [...] taki erindi hans til formlegrar meðferðar. Sóknaraðili tilgreinir þannig þennan aðila sem varnaraðila málsins. Í beiðni sóknaraðila um endurupptöku málsins kemur fram að fyrir liggja þjónustusamningur á milli sín og seljanda þjónustunnar sem kvartað hefur verið undan. Sóknaraðili vísar til þess að við gerð skriflegra samninga við iðnmeistara, sem eru félagar í [...], verði sjálfkrafa til samningur milli kaupanda þjónustu og umræddrar úrskurðarneftndar eða ábyrgðarsjóðs. Þá vísar sóknaraðili til samþykktu úrskurðarneftndarinnar þar sem kemur fram hvaða ágreiningsmál nefndin skuli taka til meðferðar. Viðsemjandi sóknaraðila sé félagsmaður í [...] og því eigi mál hans undir umrædda úrskurðarneftnd. Í beiðni vísar sóknaraðili til skýrslu ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um neytendamál frá árinu 2017 og greinar í Neytendablaðinu frá árinu 2020 til stuðnings kröfu sinni. Sóknaraðili kveðst ósáttur við að máli neytenda sé vísað frá vegna þess hve flókið það kunnir að vera að beina máli að réttum aðila.

Líkt og kemur fram í ákvörðun ritara í máli nr. 19/2025 starfar kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa samkvæmt lögum nr. 81/2019 og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðili, sem er úrskurðarneftnd sem tók til meðferðar og úrskurðaði í ágreiningsmálum milli viðskiptamanns og félagsmanns [...], taki mál hans til meðferðar. Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa úrskurðar í

ágreiningsmálum milli neytenda og seljenda vöru eða þjónustu. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur. Að mati kærunevndarinnar verður ekki litið svo á að varnaraðili sé seljandi í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019. Það er ekki samningssamband milli sóknaraðila og varnaraðila. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni á grundvelli e. liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019. Kærunevndin telur sér því ekki unnt að taka afstöðu til ágreinings sóknaraðila þar sem hann heyrir ekki undir gildissvið laga nr. 81/2019.

### III

#### Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunevnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunevnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson